

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

netf. ust@ust.is

Hveragerði, 19. mars 2020

Varðar: Drög að stjórnunar- og verndaráætlun dropasteinshellisins Jörundar í Lambahrauni

Náttúruverndarsamtök Suðurlands (NNS) þakka erindi Umhverfisstofnunar, dags. 6. janúar sl., er varðar kynningu draga að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir dropasteinshellinn Jörund í Lambahrauni við Hlöðufell, Bláskógabyggð.

NSS þakka fyrir þá vinnu sem í hið þarfa verk og löngu tímabæra hefur verið lögð.

Stjórn samtakanna hefur farið yfir drögin. Hér á eftir fara nokkur atriði sem hún telur skoðunar þörf.

Verndarmarkmið

Í 3. kafla, Markmið, bls 12, segir: *Samkvæmt auglýsingu um náttúruvættið er markmiðið að vernda nánast ósnortinn helli og dropsteinana sem finnast í hellinum. Samkvæmt friðlýsingunni má enginn granda, spilla né breyta neinu í hellinum nema með leyfi Umhverfisstofnunar [...]*

Þessi texti er ekki í auglýsingunni og ekki gott að átta sig á því hvernig hann er til kominn. NSS sakna einmitt þess að sjá verndarmarkmið dropasteinshellisins Jörundar ekki vel skilgreint, þótt geta megi sér þess til að því „Leiðarljósi“ sem tilgreint er í upphafi áætlunardraganna sé ætlað að koma á einhvern hátt til móts við það. Markmiðið með vernduninni er ekki skilgreint í auglýsingu um friðlýsingu hellisins í Stjórnartíðindum B nr. 333/1985, enda var slíkt ekki venja héraðs á þeim tíma. NSS telja að styrkur væri fyrir vernd hinna merku jarðminja og stjórnun svæðisins að taka auglýsinguna upp og festa verndarmarkmiðin. Er þá sérstök ástæða, að mati samtakanna, til að horfa til endurskoðunar verndarflokkunar í takt við núgildandi náttúruverndarlög, í samræmi við Alþjóða náttúruverndarsamtökin (IUCN), s.s. rakið er hér á eftir.

Verndargildi og verndarflokkun

Í kafla 1.4, Verndargildi og verndarflokkur á bls. 7, segir að dropasteinshellirinn Jörundur falli í IUCN flokk III, þ.e. flokkinn Náttúruvætti. Um þau segir í 48. gr. gildandi náttúruverndarlaga nr. 60/2013:

48. gr. Náttúruvætti.

Friðlýsa má einstakar náttúrumyndanir sem ástæða þykir til að varðveita sökum fræðilegs gildis, fegurðar eða sérkenna og kallast þær náttúruvætti. Náttúruvætti geta t.d. verið fossar, eldstöðvar, hellar og drangar, svo og fundarstaðir steingervinga, sjaldgæfra steinda, bergtegunda og berggerða, eða lífræn fyrirbæri sem eru einstök og skera sig úr umhverfinu. Friðlýsingin skal jafnframt ná til svæðis kringum náttúrumyndanirnar svo sem nauðsynlegt er til þess að þær fái notið sín.

Í drögunum að stjórnunar- og verndaráætluninni segir um flokkinn, og er það einnig í fullu samræmi við [skilgreiningu IUCN](#):

Svæði í þessum flokki eru afmörkuð til að vernda sérstakar náttúruminjar sem geta verið t.d. landslagsfyrirbæri, jarðminjar, svo sem hellar, eða jafnvel lifandi fyrirbæri eins og gamall skógarlundur. Þetta eru jafnan lítil verndarsvæði en hafa oft mikið aðdráttarafli fyrir ferðamenn. (Feitletrun er okkar).

NSS vekja athygli á því að þegar bæði Jörundur var friðlýstur árið 1985 og dropasteinar í hellum landsins árið 1974, þá var það gert á grundvelli 22. gr. [ranglega ritað 23. gr. í augl. 120/1974] þágildandi náttúruverndalaga og fyrirbærin í báðum tilfellum lýst náttúruvætti. Á þeim tíma voru náttúruvætti skilgreind með eftirfarandi hætti, skv. náttúruverndarlögum nr. 47/1971:

22. gr. Náttúruverndarráð getur friðlýst sérstæðar náttúrumyndanir, svo sem fossa, eldstöðvar, hella, dranga, svo og fundarstaði steingervinga og sjaldgæfra steintegunda, ef telja verður mikilvægt að varðveita þær sakir fræðilegs gildis þeirra eða þess, að þær eru fagrar eða sérkennilegar. Náttúrumyndanir, sem friðlýstar eru samkvæmt þessu ákvæði, nefnast náttúruvætti.

Friðlýsa skal svæði í kringum náttúruvætti, svo sem nauðsynlegt er, til þess að þau fái notið sín, og skal þess greinilega getið í friðlýsingu og markað á staðnum.

Friðlýstum náttúruvættum má enginn granda, spilla né breyta nema eftir fyrirmælum Náttúruverndarráðs.

Það, að verndarflokkar í íslenskum lögum voru ekki í samræmi við verndarflokka IUCN, var um nokkurt skeið til trafala við stjórn náttúruverndarsvæða hérlendis. Við síðustu endurskoðun náttúruverndarlaga voru flokkarnir því endurskoðaðir og færðir til samræmis við flokka IUCN, þannig að frá gildistöku núgildandi náttúruverndarlaga nr. 60/2013 er þar samhljómur. Þessir verndarflokkar endurspeglu með skýrari hætti tilgang og markmið friðlýsinga.

NSS benda á að af framanrituðu má ljóst vera að „Náttúruvætti“ í náttúruverndarlögum nr. 47/1971 er ekki sama fyrirbærið og „Náttúruvætti“ í núgildandi náttúruverndarlögum nr. 60/2013.

NSS telur að til að standa vörð um dropasteinshellinn Jörund, sem „ósnortins dropasteinshellis sem er einstakur á heimsvísu“ eins og segir í leiðarljósi draganna að stjórnunar- og verndaráætlun, bls. 4, sé flokkurinn „Náttúruvé“, sbr. 45. gr. núgildandi náttúruverndarlaga og IUCN flokk 1a, sá sem við á.

45. gr. Náttúruvé.

Friðlýsa má svæði sem náttúruvé til að vernda náttúruleg þróunarferli, vistkerfi, fjölbreytni eða ákveðnar tegundir og/eða jarðfræðileg fyrirbæri sem eru sérstök eða einstök á lands- eða heimsvísu eða í Evrópu eða óvenjuviðkvæm.

Friðlýsingin skal miða að því að standa vörð um náttúrulegt ástand svæðisins og þróun þess á eigin forsendum. Náttúruvé eiga að geta þjónað sem viðmiðunarsvæði fyrir vísindarannsóknir og vöktun.

Heimilt er að takmarka mjög aðgang að náttúruvéum og banna allar athafnir sem spillt geta markmiði verndarinnar. (Feitletrun er okkar).

Hér er um að ræða IUCN flokk 1a, Strict Nature Reserve, sem lýst er á eftirfarandi hátt:

Protected areas that are strictly set aside to protect biodiversity and also possibly geological/geomorphological features, where human visitation, use and impacts are strictly controlled and limited to ensure protection of the conservation values. Such protected areas can serve as indispensable reference areas for scientific research and monitoring. (Feitletrun er okkar).

Í [Hvítbók um náttúruvernd](#), bls. 233, segir um „náttúruvé“:

Megintilgangur með friðlýsingu svæða í þessum flokki er að standa vörð um náttúrulegt ástand svæðanna, þar á meðal náttúruleg þróunarferli, vistkerfi og fjölbreytni og/eða vernda ákveðnar tegundir lífvera eða önnur náttúruvættir sem t.d. eru óvenju fágæt og viðkvæm. Aðgangur að þessum svæðum ætti alla jafna að vera mjög takmarkaður og allar athafnir sem raska náttúru þeirra bannaðar. Þessi svæði geta haft geysilega þýðingu fyrir vísindarannsóknir og þjónað sem mikilvæg viðmiðun að því er varðar náttúruferli og þróun náttúrunnar miðað við svæði þar sem athafna mannsins gætir í ríkara mæli. Þá er einnig mikilvægt að tryggja að breytingar á aðliggjandi svæðum hafi ekki áhrif á náttúruvéin. (Feitletrun er okkar).

Af framanrituðu má ljóst vera að friðlýst svæði sem ekki þolir ágang tilheyrir flokknum „náttúruvé“/IUCN Ia en ekki „náttúruvætti“/IUCN III. Í flokknum „náttúruvé“ eru viðeigandi ráðstafanir til verndunar fágætra og ofurviðkvæmra jarðminja á borð við dropasteina rammaðar inn. Með þeirri ráðstöfun er brugðist við þeim aðsteðjandi ógnum sem lýst er í kafla 2.3.

Hlekkir á friðlýsingarauglýsingar

NSS benda á að hlekkur í inngangi á bls. 6, sem á að vera á auglýsingu nr. 120/1974, fer ranglega á auglýsingu 333/1985 (sem þá er á bak við báða linkana). Þetta endurtekur sig í kafla 1.3 á bls. 7 og þarfnast lagfæringar.

Laugardalsafréttur

Í kafla 2.2, Landnotkun, á bls. 10 er fjallað um Laugardalsafrétti í fleirtölu. Skilningur NSS er sá að venjan sé að tala um Laugardalsafrétt í eintölu.

Leiðir til stýringar

Í kafla 3.2 um helstu ógnir við markmið um verndun segir að reglulegt eftirlit verði haft með hellinum Jörundi. NSS sakna þess að sjá þar ekki tímamörk skilgreind og telur orðið „reglulegt“ ekki fullnægjandi í því tilliti.

Í kafla 3.3.1 um landvörslu er fjallað um gerð umsjónarsamnings. NSS telja þörf á því að skilgreina grundvöll hans og innihald í stjórnunar- og verndaráætluninni og hafa markmið hans ljóst.

Í kafla 3.4, Fræðsla og kynning, segir að fræðsluefni sem kunni að vera gert skuli vera sett fram á ábyrgan hátt og skuli staðsetningar hellisins ekki getið. NSS benda á að ástæða sé til allra fyllstu aðgæslu við útgáfu fræðsluefnis um svo viðkvæmar jarðminjar og hugleiða megi hvaða rétt þær eigi á sér yfir höfuð. Þá benda samtökin á að ástæða sé til að skoða leiðir til að ganga svo frá málum að þeir sem heimild fá til að fara í hellinn hafi þagnarskyldu varðandi staðsetningu hans. Óheppilegar upplýsingar sem dreift er á t.a.m. samfélagsmiðlum geta haft mjög alvarlegar afleiðingar.

Í kafla 4, Sérstakar reglur, með vísun í 3.3.2 Aðgengi, segir að óheimilt sé með öllu að fara í hellinn án sérstaks leyfis Umhverfisstofnunar og að rannsóknir aðrar en lögbundnar séu einnig háðar leyfi stofnunarinnar sbr. kafla 3.5. NSS sakna þess að sjá ekki lista yfir þau viðmið sem stofnunin skuli hafa til hliðsjónar þegar tekin er afstaða til umsókna um slíkt.

F.h. Náttúruverndarsamtaka Suðurlands



Ingibjörg Eiríksdóttir, varaformaður